


ZERO GAS - KÆLISKÁPAR

LEIÐBEININGAR



STJÓRNBORD

- A. Gas termostat, stillir kælistig frá 1 – 4. (4 er kaldast).
- B. Gaslogamælir, þegar nálin er komin á græna flötin er kveikt á skápnum.
- C. Stöðunál gaslogamælis.
- D. Halda þessum takka inni í 15 sek. þegar kveikt er á skápnum.
- E. Neistakveikjutakki til að kveikja gaslogan, þrýsta þessum takka inn þegar búið er að halda D takkanum inni í 15 sek. Á þá að kveikna á skápnum og stöðunálin fara yfir á grænt.

ÞEGAR KVEIKT ER Á KÆLISKÁPNUM

1. Skrúfið frá gasinu á gaskútnum.
2. Stillið takka **A** termostatið á 4.
3. Þrýstið á takka **D** og haldið inni í 15 sek.
4. Ýtið einu sinni eða oftár á takka **E** (neistakveikjutakkann) þar til stöðunálin er komin á grænt og er þá kveikt á skápnum.
5. Þegar kælikápurinn hefur náð að kælast niður stillið þá termostatið á rétt kælistig (takki **A** frá 1- 4).
6. Til þess að slökkva á ísskápnum snúið takka **A** termostatið niður fyrir 1 og skrúfið fyrir gaskútinn.

ÝMISLEGT

Þessi skápur er útbúin svokölluðum öryggispinna (hitanema) eins og skylt er að hafa í öllum gastækjum í dag. Hann virkar þannig að ef gasloginn slokknar þá kólnar pinninn á 15 – 30 sek. og lokar fyrir gasið.

Gott er að hafa öndunarrými umhverfis ísskápinn, eða minnst 5 cm. með hliðum og baki, en um 10 cm. fyrir ofan.

Kælikápurinn þarf að standa lágrétt og fylgir lítið hallamál með hverjum skáp.

Ath! Öll gastæki eyða súrefni í því rými sem þau eru notuð. Loftræsting er því nauðsynleg þar sem þau eru notuð.